

ÆFING: TÍMALÍNA MEÐ MINNISIÐUM

ÆFING FJALLAR UM:

Að nota tímalínu til að fá yfirsýn yfir öll verkefni, stór og smá, sem þarf að inna af hendi og hvenær. Hún tryggir að nýjungarnar verði að veruleika og að allir taki ábyrgð á því að verkefnin komist í framkvæmd.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

- Gerið tímalínu á flettistöflu og skrifið nýju verkefnin sem ykkur langar til að innleiða.
- Biddu hvern þátttakanda um að skrifa á minnisiða það sem til þarf svo hægt sé að koma nýjungum í framkvæmd.
- Setjið minnisiða á tímalínuna.
- Allir skrifa nöfnin sín við nýjungarnar sem þeir eru tilbúnir til að taka ábyrgð á.
- Það geta auðveldlega verið fleiri en einn um hvert verkefni.